



ÁRSSKÝRSLA 2025

BORÐTENNISSAMBAND
ÍSLANDS

Stjórn BTÍ

4. maí 2024 - 9. maí 2025

Formaður: Auður Tinna Aðalbjarnardóttir

Varaformaður: Guðrún Gestsdóttir

Gjaldkeri: Már Wolfgang Mixa

Ritari: Sigurjón Ólafsson

Meðstjórnandi: Jóhann Ingi Benediktsson

Varamenn

Pétur Stephensen

Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson

Jón Gunnarsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Þingfulltrúar á ársþingi 2025.....	4
Dagskrá þingsins.....	6
Inngangur formanns.....	7
Ársþing BTÍ 2024.....	8
Landsliðsverkefni Maí 2024 - maí 2025.....	9
Mót innanlands apríl 2024 - apríl 2025.....	16
Deildakeppni 2024-2025.....	24
Útbreiðsluverkefni.....	26
Fyrstu formlegu borðtennismótin á Klaustri og í Suðursveit.....	28
Önnur verkefni.....	30
Borðtennisfólk ársins.....	35
Umferð um vef Borðtennissambands Íslands.....	36

Þingfulltrúar á ársþingi 2025

Á ársþingi BTÍ 2025 eiga 38 félög rétt á að senda samtals 93 fulltrúa, sem hafa atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga ýmsir aðrir rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, t.d. stjórn og varastjórn BTÍ, sbr. 6. gr. laga BTÍ.

Félag	Iðkendur	Þingfulltrúar
Akur	7	2
Ármann	1	2
BH	66	4
BM	10	2
BR	36	3
Dímon	107	5
Fram	14	2
Garpur	70	4
Hamar	2	2
HK	56	4
ÍA	6	2
ÍFR	4	2
ÍR	3	2
KR	129	5
Leiknir	1	2
Umf. Austri	1	2
Umf. Efling	5	2
Umf. Gnúpverja	2	2
Umf. Grundafjarðar	2	2
Umf. Kormákur	1	2
Umf. Laugdæla	1	2
Umf. Selfoss	64	4
Umf. Þjótandi	8	2
Umf. Þristur	8	2
Umf. Þjótandi.	8	2

UMFN	1	2
UMSB	5	2
UMSE	2	2
Ungmf. Hekla	1	2
Ungmf. Samherjar	4	2
Ungmf. Skeiðamanna	1	2
Víkingur	74	3
Þróttur, Vogum	1	2
Örninn	2	2
Samtals	701	93

Dagskrá þingsins

Samkvæmt 8 gr. laga BTÍ eru störf borðtennisþings þessi.

1. Þingsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Staðfesta lögmæti fundarins.
4. Kosning kjörbréfanefndar.
5. Fara yfir fundargerð síðasta þings.
6. Afhending viðurkenninga.
7. Ávörp gesta.
8. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
9. Reikningar sambandsins lagðir fram (með álit skoðunarmanna).
10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
11. Reikningar bornir undir atkvæði.
12. Fjárhagsáætlun.
13. Lagabreytingar.
14. Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
15. Kosning stjórnar og varamanna.
16. Kosning skoðunarmanna reikninga.
17. Val fulltrúa á íþróttaping.
18. Önnur mál.
19. Ræða formanns.
20. Þingslit.

Inngangur formanns

Borðtennisveturinn 2024-2025 hefur verið engum líkur. Hvílík samvinna hérlandis, afrek á erlendri grundu og útbreiðsla félaga sem á engan sinn líka.

Að öðru leyti ætlar formaðurinn að vera í fæðingarorlofi frá þessum skrifum.

Hjartans þakkir öll þið sem lyftið íslenskum borðtennis á hverjum degi.

Reykjavík, í maí 2025

Kær kveðja, formaður BTÍ,

Auður Tinna Aðalbjarnardóttir

Árþing BTÍ 2024



Árþing BTÍ fór fram í húsnæði ÍSÍ í Laugardal laugardaginn 4. maí. Alls höfðu 37 þingfulltrúar rétt til setu á þinginu sem fulltrúar 12 félaga, en af þeim mættu 17 til leiks.

Af þeim tuttugu og fimm tillögum sem bornar voru upp til breytinga (sjá [frétt](#) á vef frá 23. apríl) var tuttugu og þremur vísað til stjórnar en segja má að tveimur hafi verið hafnað. (Sjá fundargerð)

Úr stjórn fór Ingimar Ingimarsson en í hans stað var kjörinn Jóhann Ingi Benediktsson sem kemur inn sem meðstjórnandi. Önnur í stjórn sitja áfram.

Í frétt frá 7. maí má sjá [fundargerð](#) frá árþingi 2024.

Á mynd á forsíðu má sjá stjórnina með Valdimar Leó Friðrikssyni starfsmanni BTÍ. Þau Guðrún og Már voru fjarverandi en voru á símamynd.

Landsliðsverkefni maí 2024 - maí 2025

Hér má finna helstu viðburði í landsliðsverkefnum borðtennisfólks síðastliðna 12 mánuði. Ekki er um tæmandi yfirlit og finna má nánari upplýsingar um hvern [viðburð á bordtennis.is](https://viðburð.á.bordtennis.is).



Maí 2024

Leikmenn úr unglingalandsliðinu í Belgíu 18.-20. maí

Leikmenn úr unglingalandsliðshópnum héldu til Hasselt í Belgíu til þess að leika á International Youth Cup. Mattia Contu, unglingalandsliðsþjálfari og Ingimar Ingimarsson, þjálfari hjá BH fylgdu hópnum á mótið, auk tveggja foreldra.

Keppt var bæði í liðakeppni og einliðaleik og skipt í flokka A til E eftir fæðingarári keppenda.

Eftirtaldir leikmenn kepptu á mótinu:

- Alexander Chavdar Ivanov, BH
- Benedikt Jiyao Davíðsson, Víkingi
- Benedikt Aron Jóhannsson, Víkingi
- Darian Adam Róbertsson Kinghorn, HK
- Eiríkur Logi Gunnarsson, KR
- Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR
- Heiðar Leó Sölvason, BH
- Helena Árnadóttir, KR

- Kristján Ágúst Ármann, BH
- Lúkas André Ólason, KR

Júní 2024

Klubbresornars klubbresa í Gautaborg

Þau Aldís Rún Lárusdóttir, KR, Ellert Kristján Georgsson, KR, Gestur Gunnarsson, KR, Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi, Matthias Sandholt, Svíþjóð, Óskar Agnarsson, HK og Pétur Gunnarsson, KR úr A-landsliðinu tóku þátt á Klubbresornars klubbresa í Gautaborg. Auk þeirra tóku þau Benedikt Aron Jóhannsson, Víkingi, Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR og Helena Árnadóttir, KR, þátt á eigin vegum.

Árangur þeirra var með prýði. Á mótinu unnu flestir íslensku leikmannana a.m.k. einn leik. [Föstudaginn 7. júní](#) fékk Ellert Kristján og Magnús Jóhann og Pétur komust á pall.

[Laugardaginn 8. júní](#) fengu Matthias og Óskar gull og Ellert og Benedikt komust á pall.

Á lokadegi mótsins, [sunnudaginn 9. júní](#), fékk Ellert annað gull og Magnús Jóhann Silfur.

Hægt er að lesa nánar um árangur íslensku keppendanna á [vefsíðu sambandsins](#) auk þess sem hlekkir á fréttir um hann er tengdar við þessa færslu.

Júlí 2024

EM unglínga

Keppni á EM unglínga, sem fór fram í Malmö í Svíþjóð, hófst að vanda með liðakeppni, og fór fyrsti hluti hennar fram 12. og 13. júlí. Nokkrir sigrar unnust í einstökum leikjum en allir liðsleikir töpuðust. Matthias Sandholt vann tvo leiki í einliðaleik og Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir og Helena Árnadóttir unnu tvo leiki í tvíliðaleik. Eiríkur Logi Gunnarsson og Kristján Ágúst Ármann unnu hvorn sinn leikinn í einliðaleik.

Júníorlið drengja, sem leikur í G-riðli, mætti Úkraínu í fyrsta leik, Liðið tapaði 1-3 en það var Matthias Sandholt sem vann fyrri leik sinn 3-1. Næst var leikið við Sviss en sú viðureign tapaðist 0-3 án þess að liðið ynni lotu. Lokaleikurinn var við Kýpur og hann var æsispennandi. Matthias vann fyrsta leikinn 3-1 en Alexander tapaði sínum leik 0-3. Eiríkur, sem lék sem 3. maður vann sinn leik 3-0 og Ísland komið 2-1 yfir. Matthias átti fjórða leikinn en tapaði honum 11-13 í oddalotu svo staðan varð jöfn, 2-2. Alexander tapaði svo lokaleiknum 0-3. Drengirnir höfnuðu því í 4. og neðsta sæti G-riðils.

Kadettlið meyja hóf keppni í H-riðli með leik við Belgíu. Leikurinn tapaðist 0-3 en þær Guðbjörg Vala og Helena unnu lotu í tvíliðaleik. Næst mætti liðið Danmörku, og tapaðist sá leikur líka 0-3 en aftur vannst lota í tvíliðaleik og Guðbjörg Vala vann lotu í einliðaleik. Þá var komið að Lettlandi en þar unnu stelpurnar tvíliðaleikinn 11-8 í oddalotu, auk þess sem Guðbjörg Vala tapaði báðum einliðaleikjum sínum 1-3. Lokaleikurinn var gegn Hollandi og aftur unnu stelpurnar tvíliðaleikinn 3-2. Einliðaleikirnir töpuðust en Guðbjörg vann eina lotu, svo leiknum lauk með sigri Hollands 3-1. Stúlkurnar höfnuðu því í neðsta sæti riðilsins.

Kadettlið sveina mætti fyrst Spáni í H-riðli og tapaði þeim leik 0-3. Þá var komið að Búlgaríu og fór sá leikur einnig 0-3, en Kristján og Lúkas unnu lotu í tvíliðaleik. Síðasti leikurinn var gegn Skotlandi. Kristján vann æsispennandi leik í einliðaleik sem fór 17-15 í oddalotu. Aðrir leikir töpuðust, svo leiknum lauk með 3-1 sigri Skotlands og liðið varð í neðsta sæti riðilsins.

Drengjaliðið (junior, 16-18 ára) var skipað þeim Alexander Ivanov, Benedikt Aron Jóhannsson, Eiríkur Logi Gunnarsson og Matthías Þór Sandholt.

Sól Kristínardóttir Mixa, BH, leikur bara í einstaklingsgreinum í flokknum stúlknaflokki (junior, 16-18 ára)

Sveinaliðið (kadett, 15 ára og yngri) skipuðu þeir Alexander Ivanov, Benedikt Aron Jóhannsson og Eiríkur Logi Gunnarsson,

Meyjaliðið (kadett, 15 ára og yngri) var skipað þeim Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir og Helena Árnadóttir.

Júníorlið drengja, sem leikur í G-riðli, mætti Úkraínu í fyrsta leik, Liðið tapaði 1-3 en það var Matthías Sandholt sem vann fyrri leik sinn 3-1. Næst var leikið við Sviss en sú viðureign tapaðist 0-3 án þess að liðið ynni lotu. Lokaleikurinn var við Kýpur og hann var æsispennandi. Matthías vann fyrsta leikinn 3-1 en Alexander tapaði sínum leik 0-3. Eiríkur, sem lék sem 3. maður vann sinn leik 3-0 og Ísland komið 2-1 yfir. Matthías átti fjórða leikinn en tapaði honum 11-13 í oddalotu svo staðan varð jöfn, 2-2. Alexander tapaði svo lokaleiknum 0-3. Drengirnir höfðu því í 4. og neðsta sæti G-riðils.

Kadettlið meylla hóf keppni í H-riðli með leik við Belgíu. Leikurinn tapaðist 0-3 en þær Guðbjörg Vala og Helena unnu lotu í tvíliðaleik. Næst mætti liðið Danmörku, og tapaðist sá leikur líka 0-3 en aftur vannst lota í tvíliðaleik og Guðbjörg Vala vann lotu í einliðaleik. Þá var komið að Lettlandi en þar unnu stelpurnar tvíliðaleikinn 11-8 í oddalotu, auk þess sem Guðbjörg Vala tapaði báðum einliðaleikjum sínum 1-3. Lokaleikurinn var gegn Hollandi og aftur unnu stelpurnar tvíliðaleikinn 3-2. Einliðaleikirnir töpuðust en Guðbjörg vann eina lotu, svo leiknum lauk með sigri Hollands 3-1. Stúlkurnar höfðu því í neðsta sæti riðilsins.

Kadettlið sveina mætti fyrst Spáni í H-riðli og tapaði þeim leik 0-3. Þá var komið að Búlgaríu og fór sá leikur einnig 0-3, en Kristján og Lúkas unnu lotu í tvíliðaleik. Síðasti leikurinn var gegn Skotlandi. Kristján vann æsispennandi leik í einliðaleik sem fór 17-15 í oddalotu. Aðrir leikir töpuðust, svo leiknum lauk með 3-1 sigri Skotlands og liðið varð í neðsta sæti riðilsins.

Júníorlið drengja lék við Azerbaídján í Q-riðli. Leiknum lauk með 2-3 tapi, en Matthías Þór Sandholt vann báða leiki sína 3-0. Alexander vann lotu í sínum einliðaleik.

Kadettlið meylla hóf keppni í O-riðli með leik gegn Búlgaríu. Hann tapaðist 0-3 en Helena vann lotu í einliðaleik.

Kadettlið sveina keppti í O-riðli, fyrst gegn Bosníu Herzegovínu. Sá leikur tapaðist 0-3 en Kristján tapaði sínum einliðaleik í oddalotu. Liðið mætti líka Litháen og aftur vann Kristján lotu í einliðaleik en leikurinn fór 0-3. Liðið hefur þá lokið keppni í O-riðli en ekki er ljóst hverjir næstu mótherjar íslensku sveinanna verða.

Júníorlið drengja vann fyrsta sigur liðsins á mótinu þegar liðið vann Grænland 3-2 í hörkuleik. Matthías Þór Sandholt vann báða sína leiki og Eiríkur Logi Gunnarsson vann 5. og síðasta leikinn 11-7 í oddalotu til að tryggja sigurinn. Áður hafði Alexander Ivanov tapað sínum leik 7-11 í oddalotu, en hann lék sem þriðji maður.

Liðið lék svo við Skotland og tapaði 1-3. Matthías vann fyrri leik sinn 3-0 en tapaði seinni leiknum 1-3. Aðrir leikir töpuðust 0-3.

Liðið hefur lokið keppni í Q-riðli, þar sem það lenti í 3. sæti af fjórum liðum. Liðið keppir um sæti 37-40 og keppir fyrst við Wales en mætir svo Írlandi eða Möltu í lokaleiknum.

Síðustu leikir í liðakeppninni á EM unglinga voru leiknir þann 16. júlí. Einn sigur vannst, þegar júníor drengirnir drengirnir lögðu Wales, 3-2.

Í leik drengjanna gegn Wales vann Matthías Sandholt báða einliðaleiki sína, annan 3-0 og hinn 3-2. Eiríkur Logi Gunnarsson vann lokaleikinn 3-0 en Alexander var 3. maður og tapaði sínum leik 7-11 í oddalotu.

Með sigrinum gegn Wales keppti liðið við Írland um sæti 37. Leikurinn var enn einn jafni leikur liðsins, þar sem Matthías vann báða leiki sína 3-1. Eiríkur tapaði 1-3 og 0-3 og Alexander tapaði 1-3, svo leikurinn tapaðist 2-3 og Ísland hafnaði í 38. sæti af 41 liði.

Kadettlið meylla lék lokaleik sinn gegn Wales og tapaði 0-3 án þess að vinna lotu. Liðið lauk keppni í 37. og neðsta sæti en vann fleiri einstaklingsleiki og lotur en mörg meyllið Íslands hafa gert í gegnum tíðina.

Kadettlið sveina lék gegn Eistlandi og Kýpur um sæti 35-37. Báðir leikirnir töpuðust 0-3. Kristján Ármann vann lotu í einliðaleik og Kristján og Lúkas Ólason unnu lotu í tvíliðaleik gegn Eistlandi. Liðið varð í 37. sæti af 38 liðum, en liðið fékk ekki að spila við Möltu sem varð í 38. sæti.



Aldís og Guðrún komust í undanúrslit í B-keppninni á HM öldunga

B-keppnin á HM öldunga í Róm hófst 11. júlí, þar sem þær Aldís Rún Lárusdóttir og Guðrún G Björnsdóttir tóku þátt í flokki 40 ára og eldri. Þær kepptu í B-keppninni þann 11. og 12. júlí en áttu því miður bókað flug heim þann 13. júlí og þurftu því að gefa síðustu leiki sína á mótinu.

Í tvíliðaleik unnu þær Aldís og Guðrún þar frá Spáni í fjórum jöfnum lotum í 16 manna úrslitum í B-keppninni í tvíliðaleik og lögðu þar frá Póllandi 3-1 í 8 manna úrslitum. Þær voru því komnar í undanúrslit, þar sem þær áttu að mæta pari frá Þýskalandi en þær þurftu að gefa leikinn sem fór fram þann 13. júlí.

Guðrún lagði leikmann frá Portúgal 3-0 í 32 manna úrslitum í einliðaleik í B-keppninni og þýska konu 3-0 í 16 manna úrslitum. Í 8 manna úrslitum átti hún að mæta leikmanni frá Belgíu en þurfti að gefa leikinn vegna heimferðarinnar.

Aldís tapaði í oddalotu fyrir konu frá Úkraínu í 32 manna úrslitum í einliðaleik.

Þær Aldís og Guðrún áttu að mætast í 64 para úrslitum í tvenndarleik, þar sem Aldís lék með leikmanni frá Indlandi og Guðrún með Ítala. Indverjinn var farinn heim og því komust Guðrún og hennar meðspilari áfram í 32 manna úrslit. Þar töpuðu þau 0-3 fyrir þýsku pari og voru þar með úr leik.

Ágúst 2024

Norður-Evrópumót fullorðinna

Keppni á Norður-Evrópumóti fullorðinna, fór fram í Riga í Lettlandi, 15. til 18. ágúst.

Karlalandslið Íslands, skipað þeim Inga Darvis Rodriguez, Magnúsi Gauta Úlfarssyni og Matthíasi Þór Sandholt keppti á mótinu.

Karlalandsliðið í borðtennis náði ágætum árangri á Norður-Evrópumótinu 2024. Liðið varð í 8. sæti af 10 liðum eftir sannfærandi 3-0 sigur á Lettlandi 2 og naumt 3-2 tap fyrir Eistlandi í leiknum um 7. sætið.

Í einliðaleik komust Matthías Þór, Ingi og Magnús Gauti allir í 32-manna úrslit en duttu út þar. Matthías og Ingi unnu riðla sína taplaust og unnu þannig 3 af 4 einliðaleikjum hvor. Magnús Gauti var í 2. sæti í 4-manna riðli sínum og vann 3 leiki af 5.

22 lið kepptu í tvíliðaleik karla og þar náðist góður árangur. Bæði liðin komust í 8-liða úrslit en duttu út á móti liðunum sem fengu í framhaldinu gull og silfur í flokknum. Ingi og Magnús Gauti töpuðu sínum leik gegn gulliðinu 0-3. Matthías var nálægt því að komast á verðlaunapall en hann ásamt eistneska meðspilara sínum Andrei Maltizov tapaði 2-3 í undanúrslitum eftir að hafa verið 2-1 yfir. Matthías og Andrei höfðu aldrei spilað saman áður.

Peter Nilsson landsliðsþjálfari sagði um mótið að nokkrir mikilvægir sigrar hefðu unnist, sérstaklega í einliðaleik. Mikilvægt hefði verið fyrir leikmennina að sjá að þeir stæðu í leikmönnum sem væru aðeins betri en þeir.

Október 2024

EM í einstaklingsgreinum

Dregið var í riðla á EM í einstaklingsgreinum, sem fram fór í Linz í Austurríki 15.-20. október. Tveir íslenskir leikmenn taka þátt í mótinu, þeir Ingi Darvis Rodriguez og Matthías Þór Sandholt. Þeir leika í einliðaleik og saman í tvíliðaleik.

Matthías dróst í riðil 23 og Ingi Darvis er í riðli 32. Ingi Darvis sigraði Kristijan Sanojkovski frá Norður-Makedóníu 3-1 (10-12, 11-7, 11-5, 11-2) en tapaði fyrir Tiago Abiodun frá Portúgal 0-3 (7-11, 6-11, 5-11).

Desember 2024

Íslensku konurnar unnu þrjá flokka í Odense

Fjórar íslenskar landsliðskonur kepptu á OB Stævne mótinu í Odense í Danmörku helgina 30. nóvember til 1. desember. Þær Aldís Rún Lárusdóttir, Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, Helena Árnadóttir og Sól Kristínardóttir Mixa náðu góðum árangri og unnu allar nokkra leiki. Guðbjörg Vala sigraði í tveimur flokkum og Sól í einum flokki, auk þess sem þær fengu báðar bronsverðlaun.

Úrslit úr einstökum flokkum:

Dame Senior 2 DS. Aldís og Helena unnu einn leik í riðlinum en komust ekki áfram. Guðbjörg Vala vann sinn riðil og komst áfram í útsláttinn og vann flokkinn.

Dame Junior B DS. Guðbjörg Vala vann sinn riðil og Helena vann tvo leiki af þremur í sínum riðli. Guðbjörg Vala sigraði í flokknum og Helena varð í 5.-8. sæti.

Dame Senior 1 DS. Sól vann sinn riðil og sigraði í flokknum. Aldís vann leik í riðlinum en komst ekki áfram í útsláttarkeppnina.

Dame U 21 Elite DS. Sól vann leik í riðlinum og komst í útsláttarkeppnina, þar sem hún varð í 3.-4. sæti.

Pige Elite DS. Guðbjörg og Helena unnu báðar tvo leiki í riðlinum og komust í útsláttarkeppnina. Helena varð í 5.-8. sæti en Guðbjörg Vala í 3.-4. sæti og tapaði undanúrslitaleiknum í oddalotu.

Dame Senior Elite DS. Aldís vann einn leik í fjögurra manna riðli og komst ekki upp úr riðlinum. Sól var í þriggja manna riðli og vann einn leik og komst í útsláttarkeppnina og varð í 5.-8. sæti.

Dame Junior Elite DS. Sól vann tvo leiki í riðlinum og komst áfram og hafnaði í 5.-8. sæti eftir tap í oddalotu í fjórðungsúrslitum. Guðbjörg vann einn leik í riðlinum og komst í útsláttarkeppnina á lotuhlutfalli og varð líka í 5.-8. sæti. Helena vann sömuleiðis einn leik í riðlinum en komst ekki áfram í útsláttarkeppnina.

Janúar 2025

Æfingabúðir landsliðsins helgina 3.-5. janúar

Helgina, 3. – 5. janúar, voru æfingabúðir hjá íslensku landsliðunum sem Peter Nilsson landsliðspjálfi stýrði.

Sigur gegn Eistlandi og tap gegn Hollandi í Sarajevo

Íslenska karlalandsliðið byrjaði vel í undankeppni fyrir EM í liðakeppni karla, en keppnin hófst í Sarajevo í Bosníu-Herzegóvínu 21. janúar. Íslensku karlarnir unnu góðan 3-2 sigur á Eistlandi en töpuðu svo 0-3 fyrir sterku liði Hollands.

Í leiknum gegn Eistlandi byrjaði Ingi Darvis Rodriguez á að vinna 3-2 sigur á Maksim Vuhka og Matthías Þór Sandholt lagði Madis Moos 3-0. Magnús Gauti Úlfarsson tapaði 1-3 fyrir Sergei Petrov, og staðan orðin 2-1. Næst mætti Ingi Darvis Madis Moos og tapaði 1-3 en Matthías vann Maksim Vuhka 3-0 í lokaleiknum og tryggði Íslandi 3-2 sigur.

Í leiknum gegn Hollandi vannst bara ein lota en hana vann Matthías gegn Gabrieli Camara.

Mars 2025

Æfingabúðir unglingalandsliðs með Færeyingum

Helgina 14. til 16. mars var hópur úr íslenska unglingalandsliðinu við æfingar í Færeyjum í höllinni á Halsi þar sem færeyskir og íslenskir borðtennisspilarar æfa saman.

Færeyingar og Ísland hafa alla tíð átt gott samstarf í borðtennis og hafa undanfarin ár haldið sameiginlegar æfingabúðir nánast árlega annað hvort í Færeyjum eða á Íslandi. Færeyingarnir komu til Íslands 2024 og 2022 en síðasta heimsókn frá okkur til Færeyja var 2019.

Að þessu sinni voru Færeyingar gestgjafar og voru 11 íslenskir leikmenn með í för til að æfa með jafnmörgum færeyskum leikmönnum þannig að alls æfa 22 leikmenn saman.

Æfingabúðirnar voru undir stjórn færeyska landsliðsþjálfarans Simon Nykjær-Fisher og Bjarna Þ. Bjarnasonar sem hefur ásamt fleiri þjálfurum sinnt þjálfun unglingalandsliðs í vetur.

Íslenska hópin skipa:

- Benedikt Aron Jóhannsson
- Alexander Chavdarov Ivanov
- Lúkas André Ólason
- Viktor Daníel Pulgar
- Benedikt Darri Malmquist
- Benedikt Jiyao Davíðsson
- Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir
- Helena Árnadóttir
- Marta Dögg Stefánsdóttir
- Þórunn Erla Gunnarsdóttir

Á lokadegi búðana, þann 16. mars, var haldið mót. Íslenskir leikmenn léku til úrslita bæði í drengja- og stúlknaflökki.


Í stúlknaflökki („gentur“) mættust Helena Árnadóttir og Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, og hafði Helena sigur. Færeysku stúlkurnar Elsa Kathrina Gísladóttir og Hadassa S. Christiansen höfnuðu í 3.-4. sæti.

Í drengjaflokki („dreingir“) lagði Benedikt Aron Jóhannsson Alexander Chavdarov Ivanov í úrslitaleik. Benedikt Jiyao Davíðsson fékk brons, eins og hinn færeyski Ári Fríðason Jensen.

Mót innanlands apríl 2024 - apríl 2025

Líflegt mótahald var keppnistímabilið 2023 - 2024. Fjöldi móta var haldinn og hér verður stiklað á stóru í mótahaldi vetrarins auk móta sem voru haldin vor og sumar 2024. Á bordtennis.is má finna fréttir af öllum mótum sem voru haldin með nánari upplýsingum.

Maí 2024



Guðbjörg Vala og Magnús Gauti sigruðu á lokamóti BTÍ

Lokamótið er nýjung í mótahaldi BTÍ og fór fram 15. maí í Hagaskóla. Þar kepptu efstu 8 keppendur í bæði karlaflokk og kvennaflokk.

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR og Magnús Gauti Úlfarsson, BH, sigruðu á lokamóti BTÍ. Leikið var í Íþróttahúsi Hagaskóla þann 15. maí.

Í kvennaflokki léku Aldís Rún Lárusdóttir, KR og Guðrún Gestsdóttir, KR í öðrum undanúrslitaleiknum og sigraði Aldís 4-0. Hinum undanúrslitaleiknum lauk sömuleiðis 4-0 en þar vann Guðbjörg Vala Helenu Árnadóttur, KR.

Úrslitaleikinn léku því þær Aldís og Guðbjörg og vann Guðbjörg öruggan sigur 4-0. Þetta er fyrsta stóra mótið í efsta flokki sem hún vinnur.

Þær Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, KR og Magnea Ólafs, BM, höfnuðu í 5.-6. sæti.

Í undanúrslitum í karlaflokki mættust Magnús Gauti og Ellert Kristján Georgsson, KR, og hafði Magnús sigur í oddalotu. Í hinum leiknum léku Norbert Bedo, KR og Pétur Gunnarsson, KR. Norbert vann 4-1.

Í úrslitum vann Magnús Gauti Norbert í oddalotu og tryggði sér sigur á mótinu.

Í 5.-8. sæti voru Eiríkur Logi Gunnarsson, KR, Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi, Skúli Gunnarsson, KR og Þorbergur Freyr Pálmarsson, BH.

Átta efstu körlum og konum að loknum mótum á mótaröðinni í vetur var boðin þátttaka á mótinu. Sjá má keppendur á mótinu og dráttinn í annarri frétt frá 15. maí. Þar má einnig sjá styrktaraðila mótsins, en sigurvegararnir fengu peningaverðlaun og allir keppendur fengu gjafir frá styrktaraðilum mótsins.

Júní 2024

Guðrún og Bjarni sigruðu á Landsmóti UMFÍ 50+

Á landsmóti UMFÍ fyrir 50+ ára í Vogum var í fyrsta skipti keppt í borðtennis. Borðtenniskeppnin fór fram þann 8. júní.

Bjarni Þorgeir Bjarnason, HK sigraði í karlaflokki og Guðrún Gestsdóttir, KR í kvennaflokki.

Keppendur voru ánægðir með mótið og stefna ótrauðir á landmót UMFÍ 50+ að ári, sem fram fer í Fjallabyggð 27.-29. júní.

Október 2024

Upp & niðurmóti aldursflokka BH 5. október

BH hélt sitt sígilda „Upp & niðurmót“ um síðustu helgi þar sem leikið var í styrkleikaskiptum deildum fyrir 19 ára og yngri. Alls tóku 33 leikmenn þátt á mótinu og voru 102 leikir leiknir. Mótið fór vel fram og allir leikmenn unnu lotur á mótinu.

Þátttakendur komu úr sjö félögum: BH, BR, Garpi, HK, KR, Leikni og Víkingi. Leiknir fékk sín fyrstu borðtennisverðlaun í borðtennis á mótinu en leikmaður Leiknis fékk brons í H-deild.

Mikill fjöldi á unglingamóti Butterfly og HK

Alls tóku 54 leikmenn frá 7 félögum þátt í unglingamóti Butterfly og HK sem fór fram í Snælandsskóla laugardaginn 12. október. Mótið var hluti af unglingamótaröð með þremur mótum í vetur. PingPong.is veitti vegleg verðlaun í mótinu.

Mikil þátttaka var í yngstu aldursflokkanum en alls voru 19 drengir skráðir í flokki 11 ára drengja og 17 drengir skráðir í flokki 12-13 ára. Sjö stelpur voru skráðar í flokki 14-15 ára stúlkna.

Keppendur komu úr BH, BR, Garpi, HK, KR, Leikni og Víkingi.

Aldursflokkaþót Dímonar

Aldursflokkaþót Dímonar í borðtennis fór fram laugardaginn 26. október sl. Rúmlega 70 keppendur frá 9 félögum kepptu á mótinu, stóðu þau sig öll með miklum sóma og geta öll félög verið afar stolt af sínum keppendum. Einstaklega ánægjulegt var að sjá keppendur frá Stokkseyri í fyrsta sinn á mótinu og einnig má nefna að aldrei hafa fleiri tatar, 11 ára og yngri, keppt á þessu móti eða 10 talsins.

Nóvember 2024

Systkinin Pétur og Guðbjörg Vala sigruðu á Stórmóti HK

Alls tóku 47 keppendur þátt í Stórmóti HK og Stiga, sem fram fór í Íþróttahúsi Snælandsskóla 9. nóvember. Það er um 45% meiri skráning á sama mót en var árið á undan. Í karlaflokkum voru keppendur 41 og 6 í kvennaflokkum. Systkinin Pétur Gunnarsson og Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, bæði úr KR sem báru sigur úr býtum og fengu glæsilega Stiga Cybershape spaða frá pingpong.is að launum.

Desember 2024

Úrslit frá Pepsi móti Víkinga

Pepsi mótið í borðtennis fór fram í TBR-Íþróttahúsinu sunnudaginn 1. des 2024.

Kept var í sex flokkum og var mótið mjög fjölmennt þar sem komu keppendur frá félögum Víkingur, HK, BR, BH, KR og BM.

Úrslit á Ping Pong jóla unglingamóti

Ping Pong jóla unglingamótið fór fram í TBR Íþróttahúsinu 7. desember sl.

Mótið var fjölmennt þar sem keppendur komu frá Víkingi, Garpi, HK, BH, BR, Leikni, Ungmennafélagi Laugdæla (UMFL) og KR.

Þetta var í fyrsta sinn sem keppendur frá UMFL tóku þátt í borðtennismóti.

Janúar 2025

BH Open

Um helgina fór BH Open borðtennismótið fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu og tóku 116 keppendur þátt, bæði frá Íslandi, Danmörku, Færeyjum og Japan. Spilað var í 19 flokkum, bæði styrkleikaflokkum og aldursflokkum.

Sigurvegarar í flokkunum komu frá mörgum félögum, þ.e. frá BH, BR, HK, KR, Leikni, Umf. Laugdælum, UMFB, Víkingi, Færeyjum og Roskilde BTK 61 í Danmörku. Noah Takeuchi Lassen, Roskilde BTK 61 sigraði í elite flokki karla og Yuki Kasahara frá Japan, sem keppir fyrir UMFB, sigraði í elite flokki kvenna.

Unglingamót HK

Alls tóku 38 leikmenn þátt í unglingamóti HK í dag sem var hluti af Butterfly mótaröð HK og PingPong.is. Mótaröðin samanstendur af þrem mótum í vetur og var þetta mót númer tvö. Staða keppenda í mótaröðinni verður birt á næstu dögum en úrslit úr einstaka leikjum í dag má finna á Tournement Software.

Keppendur komu frá BH, BR, HK, KR, Víkingi, Leikni, Garpi og Ungmennafélagi Laugdæla. Mótið var virkilega skemmtilegt og mikil efni á ferðinni í unglingaflokkunum.

Kept var í fjórum flokkum, þremur karlaflokkum og einum kvennaflokki. Alls voru 22 keppendur skráðir í flokki 11 ára og yngri í karlaflokki en mikil gróska er í yngstu aldursflokkunum hjá strákunum þar sem iðkendafjöldi fer vaxandi í nokkrum félögum. Vonandi fer stelpunum einnig fjölgandi í mótariðinni.

Reykjavíkurlaikarnir 26. janúar

Borðtennismót Reykjavíkurlaikanna – RIG 2025 fór fram í TBR-Íþróttahúsinu í Laugardal sunnudaginn 26. janúar í umsjón Borðtennisdeildar Víkinga.

Úrslitin í mótinu voru þannig:

Einliðaleikur kvenna:

1. Alma Rööse Svíþjóð
2. Nevena Tasic Víkingur
- 3-4. Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir KR
- 3-4. Aldís Rún Lárusdóttir KR

Einliðaleikur karla:

1. Lee Larsson Svíþjóð
2. Ingi Darvis Víkingur
- 3-4. Magnús Jóhann Hjartarson Víkingur
- 3-4. Ellert Georgsson KR

Febrúar 2025

Opið mót BR

Borðtennisfélag Reykjanesbæjar hélt opið mót í 2. flokki í Keflavík þann 2. febrúar. Alls kepptu 19 keppendur frá eftirtöldum félögum: BH, BM, BR, HK, ÍFR, KR, Selfossi og Víkingi.

Því miður féll keppni niður í 2. flokki kvenna vegna ónógrar þátttöku.

Dawid May-Majewski úr BH bar sigur úr bítum á mótinu.

Hjálmarsmót Borðtennisdeildar KR

Halldóra Ólafs, Selfossi, og Þorbergur Freyr Pálmarsson, BH, sigruðu í elite flokki kvenna og karla á Hjálmarsmóti KR, sem fram fór í Íþróttahúsi Hagaskóla helgina 15.-16. febrúar. Sigur þeirra kom nokkuð á óvart þar sem hvorugu þeirra var raðað sem stigahæsta leikmanninum í flokknum.

Á Hjálmarsmótinu var bæði keppt í aldursflokkum og styrkleikaflokkum, auk þess sem keppt var í „big table“ tvíliðaleik.

Íslandsmót fullorðinna



Ingi Darvis Rodriguez og Nevena Tasic, bæði úr Víkingi, urðu Íslandsmeistarar í einliðaleik í meistaraflokki á Íslandsmótinu í borðtennis, en mótið fór fram í TBR-húsinu 28. febrúar til 2. mars.

Ingi varði þar með titilinn sem hann vann í fyrra, en hann vann einnig árið 2020.

Í úrslitum vann Ingi Magnús Gauta Úlfarsson úr BH 4-2, en þeir tveir hafa leikið nokkra úrslitaleiki í einliðaleik síðustu ár.

Nevena keppti ekki í fyrra, en sigraði árin 2021-2023, en árið 2021 var fyrsta árið sem hún hafði keppnisrétt eftir flutning til Íslands frá Serbíu. Í úrslitum vann hún hina 14 ára gömlu Guðbjörgu Völu Gunnarsdóttur úr KR 4-0, en Guðbjörg Vala sló Íslandsmeistarann frá í fyrra, Sól Kristínardóttur Mixa út í undanúrslitum.

Nevena sigraði einnig í tvíliðaleik kvenna með Halldóru Ólafs, Selfossi, en þetta er fyrsti Íslandsmeistaratitill Selfoss í borðtennis. Þær lögðu Aldísi Rún Lárusdóttur, KR og Sól Kristínardóttur Mixa, BH 3-0 í úrslitum, en þær síðarnefndu voru ríkjandi Íslandsmeistarar.

Birgir Ívarsson og Magnús Gauti Úlfarsson, BH urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik karla en þeir sigruðu Íslandsmeistara síðustu þriggja ára, Inga Darvis Rodriguez og Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi 3-2 í úrslitaleik. Þeir endurheimtu því titilinn sem þeir unnu árin 2019-2021.

Magnús Gauti og Sól fögnuðu sigri í tvenndarleik og sigruðu Inga Darvis og Nevenu 3-0 í úrslitaleik.

Apríl 2025

Unglingamót Víkings

Þann 6. apríl fór fram þriðja unglingamót HK í mótaröð sem lauk með lokamóti 3. maí. Úrslit eru aðgengileg á vefsíðu sambandsins

Keppendur voru alls 29 og komu frá eftirfarandi félögum: HK, KR, Garpi, Leikni, BH og Víkingi. Athygli vakti að sex leikmenn komu frá Leikni sem er nýtt félag í borðtennis og átta leikmenn komu frá Garpi.



Fyrsta borðtennismót Garps

Borðtennisdeild Garps hélt fyrsta borðtennismót sitt í Íþróttahúsi Laugalandsskóla í Holtum laugardaginn 26. apríl. Keppt var í opnum flokkum karla og kvenna og í aldursflokkum 15 ára og yngri. Nýmæli er að keppt var í flokkum 9 ára og yngri og var þátttaka góð í þessum flokkum.

Skráðir þátttakendur voru 66 frá 12 félögum og er þetta því með stærri mótum ársins utan Íslandsmóta.

Á Suðurlandi er það svo helst í fréttum að Umf. Hekla á Hellu hefur hafið vikulegar æfingar fyrir tvo aldurshópa, öll fimmtudagskvöld. Félagið var virkt fyrr á öldinni og átti 16 leikmenn á styrkleikalistanum á tímabilinu 2017-2019 en síðast kepptu leikmenn undir merkjum félagsins vorið 2020. Þeir leikmenn æfðu hins vegar hjá Borðtennisdeild Dímonar á Hvolsvelli og því er mjög ánægjulegt að æfingar séu komnar af stað hjá félaginu.

Ellert Kristján Georgsson, KR, sigraði í opnum flokki karla og Weronika Grzegorzcyk, Garpi, í opnum flokki kvenna.

Sigurveggarar í unglingaflokkum voru þessi: Helma Fanney Línadóttir, Umf. Laugdæla (U9), Dalmar Bragi Aronsson, KR (U9), Hjörleifur Brynjólfsson, HK (U11), Greta Sólrún McLaughlin Svansdóttir, KR (U13), Dawid May-Majewski, BH (U13) og Adam Lesiak, Víkingur (U15).

KR bikarmeistari 2025

Bikarkeppnin 2025 fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 27. apríl í umsjón borðtennisdeildar Víkings

Sjö lið lið kepptu um bikarmeistaratitilinn:

Vikingur: Nevena, Daði, Magnús H, og Benedikt J.

KR: Þórunn Erla, Viktor og Pétur

KR: Guðbjörg Vala, Ellert og Pétur G.

BH: Sól, Þorbergur, Jóhannes

KR: Helena, Norbert og Eiríkur

KR: Marta Dögg, Lúkas og Hlöðver

KR: Aldís, Karl og Luca De Ganaro

Í undanúrslitum sigraði lið BH lið Víkings 4 – 2 og KR liðið (Guðbjörg Vala, Pétur G og Ellert) sigruðu KR liðið (Aldís, Karl og Luca) 4 – 0.

Úrslitaleikinn léku því lið KR (Guðbjörg Vala, Ellert og Pétur G) gegn liði BH þar sem lið KR sigraði 4 – 1 í spennandi og skemmtilegum úrslitaleikjum en allir einliðaleikir fóru í oddalotu en BH sigraði í tvíliðaleik.

Deildakeppni 2024-2025

Febrúar 2025

BH-A deildarmeistarar í 1. deild karla og kvenna

BH stóð uppi sem deildarmeistari í 1. deild kvenna eftir að seinni umferðin í deildinni var leikin í Íþróttahúsinu við Strandgötu laugardaginn 29. mars. Liðið lauk keppni með sjö stig, lið Víkings hlaut fjögur stig og A-lið KR eitt stig. Keppni lauk í 1. deild karla laugardaginn 8. febrúar, en þá var leikið í 9. og 10. umferð í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði.

KR-C deildarmeistari í 2. deild

Úrslit réðust einnig í 2. deild kvenna. KR-C sigraði og varð Íslandsmeistari og hlaut liðið sex stig. KR-B fékk fjögur stig og lið Garps tvö stig.

Leikmenn sem hafa leikið með KR-C á keppnistímabilinu eru Anna Sigurbjörnsdóttir, Guðrún Gestsdóttir, Hrefna Namfa Finnsdóttir, Kristjana Áslaug Káradóttir Thors og Sigurlína H. Guðbjörnsdóttir.

Apríl 2025

Úrslit í deildakeppni 2025

Úrslit í deildarkeppni karla og kvenna réðust í Snælandsskóla þann 5. apríl.

Í úrslitum 1. deildar kvenna léku lið BH og Víkings. Þau tíðindi urðu að BH konur rufu 35 ára einokun KR og Víkinga á titlinum og endaði leikurinn 3-1. Þær eru því bæði deildar- og Íslandsmeistarar kvenna í ár.

Lið BH var skipað Sól Kristínardóttir Mixa, Agnesi Brynjarsdóttur og Vivian Huynh. Lið Víkings var skipað Lilju Rós Jóhannesdóttur, Halldóru Ólafs og Nevenu Tasic.



Í úrslitum 1. deildar karla léku lið Víkinga og BH. Leikurinn var spennandi og úrslit réðust í oddaviðureig þar sem Víkingar stóðu uppi sem sigurvegarar. Víkingar unnu þar með Íslandsmeistaratiitil karla annað árið í röð. Það var alþjóðlegur bragur á liðunum í dag og Víkingar voru í reynd með alþjóðlegasta liðið til að verða Íslandsmeistarar karla í borðtennis frá upphafi.

Lið BH var skipað Matthias Sandholt, Birgi Ívarssyni, og Magnúsi Gauta Úlfarssyni. Lið Víkinga var skipað Inga Darvis, Alexander Fransson Klerck og Carl Sahle.



Selfoss vann úrslitaleikinn í 3. deild þegar liðið sigraði Víking C 3-1. Lið Selfoss var skipað Rubén Stebbi López, Stefan Orlandi og Antoni Óskari Ólafssyni. Lið Víkinga í dag var skipað Magnúsi Birgi Kristinssyni, Benedikt Jiyao Davíðssyni og Sighvati Karlssyni.




Einnig var leikið um sæti í 2. deild en þar kepptu lið KR-C og Víkings-C og þar vann lið KR-C 3-0 og heldur því sæti sínu í 2. deild en lið Víkings-C keppir í 3. deild á næsta keppnistímabili.

Frekar upplýsingar um niðurstöður keppinnar má finna á bordtennis.is og á Tournament Software.

Útbreiðsluverkefni

Öflugt útbreiðslustarf var á árinu og fjölmargar fréttir á bordtennis.is sem fjalla um útbreiðslustarfið. Það var ekki síst á Suðurlandi þar sem iðkendur hefur fjölgað mikið, félögin hafa staðið fyrir mótum, þjálfarar hafa sótt félögin heim, haldið námskeið og kynningar. Nánar um starfið má finna í fréttum á vef BTÍ en hér má finna nokkrar umfjallanir um útbreiðslustarfið.

Hér fyrir neðan er yfirlitskort um félög / staði á landinu þar sem borðtennis er stundaður í maí 2025 en félögum hefur fjölgað mikið undanfarin misseri. Sjá nánar á bordtennis.is.



Október 2024

Borðtennisæfingar byrjaðar á Stokkseyri

Borðtennisæfingar eru byrjaðar á Stokkseyri á vegum ungmennafélagsins og var fyrsta æfingin mánudaginn 14. október. Þangað geta krakkar frá Stokkseyri og Eyrarbakka mætt á æfingar og er þetta þriðja íþróttin sem er í boði hjá félaginu. Æfingarnar fara fram á mánudögum kl. 14.45 og eru ætlaðar fyrir 3.-6. bekk. Þjálfari er Ruben Stebbi, sem þjálfar líka á Selfossi. Á staðnum eru núna 4 börð, en von er á fleirum.

Borðtenniskennsla í Breiðholti

Undanfarnar vikur stóð útbreiðslunefnd BTÍ fyrir borðtenniskennslu í fimm grunnskólum í Breiðholti. Borðtennissambandið fékk sérstakan styrk frá íþróttasjóði Rannís í upphafi árs vegna borðtenniskennslu meðal innflytjenda á Íslandi og nýttist hluti hans vel í þetta verkefni.

Kennt var í íþróttatímum í öllum 4.-7. bekkjum Fellaskóla, Seljaskóla, Breiðholtsskóla og Ölduselsskóla og í 4.-6. bekk Hólabrekkuskóla, sem þýddi alls 20 kennslustundir. Allir skólarnir hafa yfir einu til

fjórum borðtennisborðum að ráða og til viðbótar mættu fulltrúar BTÍ með tvö minni borð sem sambandið á og nýtir í kynningar.

Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, formaður BTÍ var viðstödd allar kynningarnar og henni til aðstoðar voru Gestur Gunnarsson, Eyrún Elíasdóttir, Karl Andersson Claesson og Baldur Thor Aðalbjarnarson. Um 750 börn fengu kennslu í grunnatriðum og leikjum í borðtennis og um tugur íþróttakennara tók þátt.



Borðtennisdeild stofnuð í Bolungarvík

Borðtennisæfingar eru byrjaðar hjá UMFB í Bolungarvík og verða alla mánudaga og miðvikudaga í vetur. Fyrstu tvær æfingarnar voru 21. og 23. október og sér Amid Derayat, HK um þjálfun. Amid hefur áður séð um þjálfun ungmenna í HK, hefur tekið 1. stigs þjálfaragráðu ITTF og flutti nýverið til Ísafjarðar vegna starfs síns.

Æft er í grunnskóla Bolungarvíkur og verða fjögur borð til afnota innan skamms. Fyrstu vikuna mættu iðkendur frá Japan og Póllandi auk Íslands, frá Bolungarvík og Ísafirði, fatlaðir og ófatlaðir. Þetta er önnur íþróttin í félaginu með þjálfara um þessar mundir en hjá UMFB er einnig öflug sunddeild.

Með fréttinni fylgja myndir frá fyrstu tveimur æfingunum. Trausti Salvar Kristjánsson formaður UMFB segir að vonandi fjölgi stelpum á næstu vikum.

BTÍ býður Vestfirðinga hjartanlega velkomna í borðtennissamfélagið.

Desember 2024

Borðtenniskennsla í boði á íþróttabraut í FB

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti bauð í ár í fyrsta sinn upp á borðtenniskennslu sem valgrein á íþróttabraut. 17 nemendur eru í áfanganum og er Eyrún Elíasdóttir, þjálfari Borðtennisdeildar Leiknis í næsta nágrenni, þjálfarinn í tímunum.

Fjölbrautarskólinn keypti tvö borð, borðtennisdeild HK lánaði tvö og Borðtennissamband Íslands einnig tvö. Æft er í íþróttahúsi Austurbergs, tvisvar í viku um þessar mundir.

Æfingar hafa gengið vel samkvæmt Svövu Ýr Baldvinsdóttur, sem er einn af íþróttakennurum FB og sér um áfangann.

Vonandi eykur þetta góða verkefni borðtennis áhugann í Breiðholti og jafnvel þannig að við sjáum þátttakendur á mótum eða æfingum.

Apríl 2025



Fyrstu formlegu borðtennismótin á Klaustri og í Suðursveit

Helgina 12.-13. apríl 2025 fóru fram borðtenniskynningar og mót á Kirkjubæjarklaustri hjá Ungmennafélaginu ÁS og á Hrollaugstöðum í Suðursveit hjá Ungmennafélaginu Vísi.

Hjá ÁS á laugardegnum tóku 10 þátt í opinni æfingu og 3 þátt í keppni í opnum flokki, allt keppendur frá heimamönnum.

Í fyrsta sæti varð Ásgeir Örn Sverrisson, í öðru sæti varð Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi félagsins og í þriðja sæti varð Rúnar Smári Ragnarsson Blandon.

Mæðginin Anna Sigurbjörnsdóttir og Tómas Hinrik Holloway úr KR áttu erindi á Klaustur þennan dag og tóku þátt í æfingunni og tóku æfingaleiki við heimamenn, við mikla ánægju. Samkvæmt Sigurði Eyjólfvi hefðu fleiri keppt á mótinu ef páskafrí í grunnskólanum hefði ekki hafist óvenju snemma, þ.e. tveimur dögum fyrir mótið, en áhugi er fyrir frekara samstarfi.

Hjá Vísi á sunnudeginum var áberandi góð stemming bæði á æfingunni (þar sem sjö börn og sex fullorðnir æfðu) og á mótinu, en þar kepptu fimm börn í U18 flokki og níu fullorðnir í opnum flokki.

Eftirvænting skapaðist á æfingunni þegar út spurðist að bræðurnir Jóhannes Bjarki, Pétur Marteinn og Guðjón Páll úr BH og KR væru á leiðinni úr bænum gagnert til að keppa á mótinu. Bjarni

Malmquist formaður Vísis hafði orð á því að aldrei áður hefðu svo sterkir leikmenn keppt á móti á vegum Umf. Vísis áður, þó félagið hafi verið stofnað árið 1912.

Svo varð að bræðurnir röðuðu sér í efstu þrjú sætin í framangreindri röð og í fjórða sæti varð Huldar Breiðfjörð, Umf. Vísi. Fyrir úrslitaleikinn milli Jóhannesar og Péturs var stillt upp stórum velli með áhorfendasvæði og viðureignin tekin upp. Bræðurnir, sem báðir hafa alþjóðadómararéttindi, nýttu tækifærið til að kynna ýmsar reglur borðtennisþróttarinnar sem reynir sjaldnar á.

Í U18 flokki sást vel að þátttakendur höfðu fyrri keppnisreynslu og ágætis þekkingu á grunnreglunum en þar spilaði fjölmennt jólamót félagsins 2024 stórt hlutverk.

Í efstu sætunum urðu:

1. Oddi Breiðfjörð, Umf. Vísi
2. Jón Þormar Karlsson, Umf. Vísi
3. Anna Karen Malmquist, Umf. Vísi

og fékk Oddi bol merktan Borðtennissambandinu í verðlaun.

Önnur verkefni

Maí 2024

Eiríkur Logi íþróttamaður KR

Eiríkur Logi Gunnarsson borðtennismaður var útnefndur íþróttamaður KR. Þetta er gríðarlegur heiður fyrir Eirík Loga og viðurkenning á hans góða árangri undanfarin ár. Óhætt er að segja að þetta sé jafnframt góð viðurkenning fyrir borðtennisíþróttina og greinilegt að KR-ingar fylgjast vel með árangri síns fólks í borðtennis.

Júní 2024

Kristján Jónasson hlaut gullmerki ÍSÍ

Kristján Jónasson, borðtennismaður úr Vikingi og borðtennisþjálfari hjá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík (ÍFR) til margra ára, var sæmdur gullmerki ÍSÍ á 50 ára afmælisfundi ÍFR. Fundurinn fór fram þann 30. maí og var Kristján einn fimm sem fengu gullmerki ÍSÍ af þessu tilefni.

Hákon Atli lék í Þýskalandi í vetur

Hákon Atli Bjarkason, leikmaður HK, lék í þýsku deildakeppninni veturinn 2023-2024 með liði TT Frickenhausen í 2. Bundesliga Süd, í deild sem er fyrir leikmenn í hjólastól.

September 2024

Vel heppnað borðtennisfjör fyrir stelpur

Um 20 stelpur á ýmsum aldri mættu á borðtennisfjör fyrir stelpur, sem var haldið í Íþróttahúsi Hagaskóla laugardaginn 7. september. Samkoman var í umsjón Aldísar Rúnar Lárusdóttur og Guðrúnar G Björnsdóttur og var hluti af átaki BTÍ til að fjölga stelpum í íþróttinni.

Sumar stelpurnar voru þegar að æfa borðtennis í Reykjavík og á Suðurlandi en aðrar voru að kynnst íþróttinni.

Byrjendum voru kennd grunnatriðin í íþróttinni og svo var farið í ýmsa leiki, t.d. hringborðtennis, blásuþborðtennis, tvíliðaleik, að fiska og gerðar kúluæfingar. Í lokin var svo boðið upp á ís.

Æfingabúðir landsliðsþjálfara 20.-22. september

Peter Nilsson, landsliðsþjálfari, heldur æfingabúðir í Íþróttahúsi Hagaskóla 20.-22. september. Ein æfing var á föstudeginum (kl. 18.30-20.00), tvær eru á laugardeginum (kl. 13-15 og 17-19) og tvær á sunnudeginum (kl. 10-12 og 14-16).

Desember 2024

Helgi Þór Gunnarsson fékk Hvataverðlaun ÍF árið 2024

Helgi Þór Gunnarsson fékk Hvataverðlaun ÍF fyrir árið 2024. Þetta kemur fram í Hvata, tímariti ÍF. Hvataverðlaunin eru veitt einstaklingum, félagasamtökum, stofnun, fyrirtæki eða öðrum aðilum sem á framsækinn hátt hafa unnið í þágu íþróttastarfs fatlaðra.

Helgi Þór hefur starfað fyrir fatlaða borðtennismenn í um þrjá áratugi og m.a. verið formaður borðtennisnefndar ÍF og landsliðsþjálfari fatlaðra í borðtennis. Hann hefur líka séð um mótahald fyrir fatlaða og sinnt ráðgjöf fyrir íþróttina.

Janúar 2025

Borðtennisæfingar fyrir fólk með Parkinson byrjaðar aftur

Borðtennisæfingar fyrir fólk með Parkinson eru byrjaðar aftur, en þær eru haldnar af Hannesi Guðrúnarsyni. Verkefnið er styrkt af Íþróttasjóði og er í samstarfi við Borðtennisdeild Víkings. Bakhjarl verkefnisins er www.pingpong.is.

Febrúar 2025

Úthlutanir styrktarsjóðs BTÍ

Stjórn BTÍ afgreiddi í janúar umsóknir til styrktarsjóðs BTÍ fyrir keppnistímabilið 2024 til 2025, sem uppfylla markmið BTÍ. Alls bárust umsóknir frá níu einstaklingum og tvær frá félögum vegna mótahalds.

Allir einstaklingarnir fengu styrk en umsóknum um fjögur frekari verkefni á vegum þeirra var hafnað eða bent á að ættu frekar heima á næsta styrkári.

Eftirtalin verkefni fengu styrk að þessu sinni:

- Sól Kristínardóttir Mixa fær styrk til þátttöku í sænsku deildinni með Åstorps BTK.
- Ingi Darvis Rodriguez fær styrk til dvalar í Halmstad í Svíþjóð keppnisárið 2024-2025 til að helga sig borðtennisíþróttinni og m.a. keppa í Superettan með Horreds BTK.
- Magnús Jóhann Hjartarson fær styrk vegna þátttöku í sænsku deildinni með IF Ale.
- Magnús Gauti Úlfarsson fær styrk vegna þátttöku í tveimur sænskum mótum.
- Matthías Þór Sandholt fær styrk vegna æfingadvalar á Íslandi.
- Eiríkur Logi Gunnarsson fær styrk vegna æfingadvalar hjá Åstorps BTK í Helsingborg í Svíþjóð á vorönn 2025.
- Benedikt Aron Jóhannsson fær styrk vegna ferðar á æfingabúðir í Hannebont, Frakklandi.
- Þorbergur Freyr Pálmarsson, Birgir Ívarsson og Magnús Jóhann Hjartarson fá hóflegan styrk vegna keppni á Finlandia Open.

Þá var koma erlendra leikmanna á íslensk mót styrkt í samræmi við uppfærða reglugerð: <https://bordtennis.is/umsoknarfrestur-til-7-desember-i-styrktarsjod-bti/>

Tólf nýir landsdómarar

Laugardaginn 15. febrúar, fór fram dómaranámskeið og landsdómarapróf í húsnæði ÍSÍ. Jóhannes Bjarki Urbancic, alþjóðadómari, hafði umsjón með námskeiðinu og prófinu.

Prófið var með erfiðara mótí en samt sem áður tókst 12 af 15 þátttakendum að ná því og öðlast þar með landsdómararéttindi BTÍ.

Nýju dómarnir koma úr ýmsum félögum og þar á meðal dómara frá Leikni og Ungmennafélaginu Þristi.

Dómarnir nýju eru eftirfarandi:

- Eyrún Elíasdóttir – Víkingi
- Sigurjón Ólafsson – HK
- Rafael Rökkvi Freysson – Ungmf. Þristi
- Ari Jökull Jóhannesson – Leikni
- Viktor Daníel Pulgar – KR
- Sigurður Einar Aðalsteinsson – BH
- Heiðar Leó Sölvason – BH
- Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir – KR
- Marta Dögg Stefánsdóttir – KR
- Gunnar Skúlason – KR
- Þórunn Erla Gunnarsdóttir – KR
- Benedikt Aron Jóhannsson – Víkingi

Febrúar 2025

Bylting í borðtennisheiminum – umfjöllun um útbreiðsluna á RÚV

Á vef RÚV er ítarleg [umfjöllun](#) um útbreiðslu borðtennisþróttarinnar á Íslandi og viðtal við Auði Tinnu Aðalbjarnardóttur, formann BTÍ.

Samkvæmt íþróttafréttadeild RÚV var umfjöllunin næst mest lesna íþróttafrétt [ruv.is](#) í 9. viku ársins 2025 með um 7.000 lestra. Önnur umfjöllun RÚV frá Íslandsmótinu sömu helgi fékk einnig þúsundir lestra og spilana á Facebook, Instagram og TikTok.

Apríl 2025

Halldóra Ólafs félagi ársins hjá UMFL

Ungmennafélag Laugdæla veitti í fyrsta sinn viðurkenningu fyrir félagi ársins en fyrst til að hljóta þá viðurkenningu er Halldóra Ólafs borðtenniskona fyrir frumkvöðlastarf sitt og elju í að koma spaðadeild á laggirnar innan UMFL.

Borðtennissamband Íslands óskar Halldóru til hamingju með þessa viðurkenningu!

Nýr formaður spaðadeildar hefur verið kosinn á Laugarvatni í kjölfar þess að Halldóra var að flytja en hann heitir Kári Daníelsson. Kári er annar tveggja reglulegu þjálfara félagsins og og bróðir Védísar Daníelsdóttur sem vann fyrsta titil UMFL á Íslandsmóti unglinga þegar hún varð Íslandmeistari 12-13 kvk.



ITTF-PTT level 1 þjálfaranámskeiðið

Frábært ITTF þjálfaranámskeið fór fram í aðstöðu TBR í sal félagsins á 2. hæð í Laugardal í Reykjavík og æfingasal Borðtennisdeildar Víkings dagana 6. til 12. apríl 2025. Námskeiðið var haldið í samvinnu við ITTF og ETTU og kann BTÍ þeim Yelena Druzhkova og Mikael Andersson hjá ITTF og Galiu Dvorak hjá ETTU bestu þakkir fyrir að búið hafi orðið að veruleika.

Leiðbeinandinn á námskeiðinu var Pacinthe Osman Soliman frá Egyptalandi en hún hefur víðtæka reynslu af bæði námskeiðahaldi og þjálfun og keppni á háu stigi, sem núverandi U15 unglíngalandsliðsþjálfari Egyptalands og fyrrum Afríkumeistari kvenna og Ólympíufari árið 2000.

Námskeiðið fór fram eftir vinnu alla virku dagana og hófst kl. 16.30 og lauk kl. 21.30 öll kvöld (auk nokkurra klst. kennslu um helgarnar) með stuttu hléi þar sem þátttakendur gátu gripið í snarl. Á föstudeginum fóru tveir stjórnarmenn úr BTÍ með leiðbeinandann í bæjarferð um Reykjavík og nutu þess að borða morgunmat og ræða um heima og geima.

Ellefu þátttakendur luku námskeiðinu, frá HK, KR, Víkingi, BR, Selfossi, Akri og Laugalandi og þrír þjálfarar frá BH, KR og Sauðárkróki sátu einnig námskeiðið að hluta til að læra og rifja upp. Þá þjálfar einn þátttakendanna einnig fyrir Dímon og Stokkseyri vikulega og mun námskeiðið vafalítið nýttast þar. Þátttakendur sem luku námskeiðinu munu í framhaldinu klára 30 klst. þjálfun sem er skilyrði fyrir að útskrifast sem ITTF level 1 þjálfari, að hluta til undir leiðsögn.

BTÍ þakkar Pacinthe sérstaklega fyrir vandað námskeið og æfingar og vonast til að sjá hana í alþjóðlegum borðtennisverkefnum í framtíðinni. Myndin hér af neðan er af þátttakendum og þjálfara.

Borðtennisfólk ársins

Ingi Darvis og Sól Borðtennisfólk ársins 2024

Kosningu um borðtennisfólk ársins í borðtennis lauk 21. desember. Allir virkir leikmenn BTÍ sem eru 16 ára eða eldri höfðu kosningarétt auk stjórnar og varastjórnar BTÍ, landsliðsþjálfara og unglingalandsliðsþjálfara.

Hlutskörpust voru Ingi Darvis Rodriguez, Horreds BTK og Sól Kristínardóttir Mixa, BH.

BTÍ óskar Inga Darvis og Sól innilega til hamingju með nafnbótina.



Umferð um vef Borðtennissambands Íslands

Umferð um vefinn er stöðug, fréttir eru mikið lesnar, mótaskrá sömuleiðis og margir skoða styrkleikalistinn þó mælanleg gögn á styrkleikalistann liggi ekki fyrir um styrkleikalista. Á 12 mánuðum (1. maí 2024 til 30. apríl 2025) voru tæplega 109 þúsund síður skoðaðar af virkum notendum sem töldust vera tæplega 7.900 og hver virkur notandi er því að skoða tæplega 14 síður. Meðal dvalartími á vefnum eru liðlega 4 mínútur sem telst hátt á vef. Forsíðan fær um 40% af heimsóknunum, fréttir koma með um 8.500 heimsóknir, mótaskrá liðlega 3.000. Vinsælasta fréttin á þessu tímabili var frétt um Íslandsmót fullorðinna og þar á eftir koma fréttir um Íslandsmót unglinga. 40% umferðar á vefinn er beint inn á vefinn (lénið slegið inn), þar á eftir eru heimsóknir eftir leit (Google) 35% og um 25% koma í gegnum hlekki af samfélagsmiðlum.

